

**41. fundur Sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn fimmtudaginn 4. júní 2009 kl. 17:00  
í félagsheimilinu Þórsveri á Þórshöfn.**

**Mætt voru:**Jóhanna Helgadóttir, Sigurður J. Jónsson, Nanna Steina Höskuldsdóttir, Sóley Vífilsdóttir, Sigurður Ragnar Kristinsson, Sigurborg Hulda Sigurðardóttir, Hilma Steinarsdóttir auk Gunnólfs Lárussonar sveitarstjóra og Björn Guðmundur Björnsson fulltrúi sveitarstjóra sem ritaði fundargerð.

Sveitarstjóri stýrði fundi bauð fundarmenn velkomna og óskaði að fá bæta við áður senda dagskrá undir 1.lið fundargerð nefnda og ráða.  
Fundargerð Fræðslu- og menningarnefndar.

*Samþykkt samhljóða.*

**DAGSKRÁ:**

**1 Fundargerðir nefnda og ráða.**

- Fundargerð sveitarstjórnar dagsett 7.05 .2009  
*Var lögð fram*
- USB nefnd dagsett 27.05.2009 (Til samþykktar)  
*Kostnaður við að fjarlægja girðingu við gamla olíuportid vísað til endurskoðun fjárhagsáætlunar  
Fundargerð Samþykkt með sex atkvæðum gegn einu*
- Fundargerð fræðslu- og menningarnefndar dagsett 2. júní 2009 (Til samþykktar)  
*Í ljósi þess að ný framhaldsskóladeild og þekkingarsetur vanti húsnæði fyrir næsta skóla ár er samþykkt að færa bókasafnið í úsættanlegt húsnæði og framhaldsskóladeildin og þekkingarsetrið fú aðstöðuna í núverandi bókasafni.  
Samþykkt samhljóða.*
- Fundargerð húsnæðisnefndar 22.mai(Til Samþykktar)  
*Sigurður Ragnar og Sigurður Jóhannes viku af fundi undir öðrum lið fundargerðarinnar  
Fundargerð samþykkt samhljóða*

**2 Skýrsla sveitarstjóra.**

*Skýrsla sveitarstjóra lög fram og svaraði hann fyrirspurnum sveitarstjórnarmanna.*

- *Samþykkt að tilnefna Gunnólf Lárusson, sveitarstjóra sem varamann í atvinnuþróunarfélag Þingeyinga.  
Samþykkt samhljóða að UMFL fái herbergi uppi í íþróttahúsinu til afnota.*

**3 Innsend erindi.**

**Til kynningar:**

- Fundarboð aðalfundur Drekasvæðisins ehf.  
*Þar sem sveitarstjórnarmönnum Langanesbyggðar og Vopnafjarðar er sérstaklega boðið til að taka þátt í umræðunni um næstu skref.*
- Ársskýrsla 2008 Félagsþjónustu Norðurþings.  
*Í skýrslunni er farið yfir helstu þætti, starfsemi, rekstur og framgang helstu verkefna. Sveitarstjórn Langanesbyggðar þakkar Félagsþjónustunni greinargóða skýrslu.*

*Jóhanna H.*  
*Þórsver*

- Aðalfundur Fjallalamb hf. 12. Júní.  
Landbúnaðarnefnd falið að tilnefna fulltrúa sveitarfélagsins á fundinn.  
Samþykkt samhljóða
- Mínnisblað til umsagnar- reglur um skólaakstur.  
*Erindinu vísað til fræðslu- og menningarnefndar og skólastjóra til kynningar.*
- Áframhaldandi vinna við eflingu sveitarstjórnarstigsins.

#### Til afgreiðslu:

- Starfsmannamál – Björn Guðmundur Björnsson.  
*Tillaga um að greiða Birni Guðmundi Björnssyni eingreiðslu kr. 250.000,- aukalega fyrir það starf sem hann vann sem sveitarstjóri sl. tvo og hálfan mánuð og þakkar sveitarstjórn honum fyrir.*  
*Samþykkt samhljóða.*
- Umsókn breytingu og endurnýjun á rekstrarleyfi vegna Jórvíkur umsækjandi Sigurður Bjarki Magnússon.  
*Sveitarstjórn samþykkir breytingu og endurnýjun á rekstrarleyfinu með fyrirvara um umsagnir eftirlitsaðila á rekstrinum og að reglum samkvæmt 10. gr.laga um veitinga-og gististaða nr.85/2007 sé framfylgt.*
- Umsókn um rekstrarleyfi og endurnýjun vegna Marísu umsækjandi Nanna Höskuldsdóttir.  
*Nanna vék af fundi undir þessum lið. Umsóknin samþykkt samhljóða með fyrirvara um umsagnir eftirlitsaðila á rekstrinum og að reglum samkvæmt 10. gr.laga um veitinga-og gististaða nr.85/2007sé framfylgt.*
- Tilboð í Toyota Landcruiser númer EF-848.  
*Tilboð frá þeim Sóleyu og Örvari uppá yfirtöku lána sem hvila á bílnum en þau eru kr. 1.836.736,- plús uppgreiðslugjald ca. kr. 43. 651,- sveitarstjóri leggur til að tilboðinu sé tekið þar sem hann hefur ráðfært sig við Toyotu umboðið um hvað gangverðið væri miðað við keyrslu ofl. jafnframt því að það sé verið að borga af lánnum um 90.000 kr á mánuði.*  
*Sveitastjóra falið að ganga frá sölunni,*  
*Samþykkt samhljóða.*

Fundagerðin upplesin og samþykkt samhljóða fleira ekki gert og fundi slitið kl.19:26

Nanna St. Höskuldsd.  
Jóhanna Helgadóttir  
Sóky Vífudóttir  
Guðlaug Steindóttir  
Sigurður Þorbjörnsson  
Hilma Steinarsdóttir  
PES

Junnófríðarsson